

Brynjólfur biskup Sveinsson, forn átrúnaður og Eddurnar

Einar G. Pétursson

Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi

Það verður alltaf umhugsunar- og íhugunarefni af hverju Íslendingar hófu ritstörf snemma á 12. öld og urðu mikil bókmenntaþjóð. Líklegt finnst mér, að Jón Helgason prfessor fari nærrí sannleikanum, er hann sagði, að eftir “að kröftunum hafði einusinni verið beint inn á þessa braut, er haldið áfram alla tíð.” Oft er sagt frá því í Íslendingasögum að Íslendingar færðu konungum kvæði. Íslendingar fluttu ekki aðeins út kveðskap, heldur var verulegur útflutningur handrita frá Íslandi til Noregs langt fram á 14. öld, en í lok hennar var munur á tungumálum orðinn svo mikill að bókamarkaðurinn gat ekki lengur verið sameiginlegur.

Pótt ekki væri lengur markaður fyrir íslensk handrit í Noregi eftir 1400, hættu Íslendingar ekki skriftum; ort var m. a. mikið af rínum og sögur samdar, aðallega riddarasögur. Á seinstu áratugum kaþólsks siðar á Íslandi, þ. e. í lok 15. aldar og fram undir 1550, var nokkuð þýtt af kristilegum ritum. Pessar þýðingar voru ekki eingöngu úr latínu, heldur einnig þjóðtungum eins og ensku, þýsku og dönsku. Vist er að þessi kristilegu rit á móðurmáli hafa rutt brautina

fyrir því að siðaskiptamenn gátu síðar komið ritum sínum á framfæri á íslensku en tóku ekki við guðsorðabókum á dönsku sem hefði getað orðið dauðadómur fyrir íslenska tungu.

Prentsmiðja var flutt til Íslands um 1530. Þáttaskil verða í prentlistar- og bókmenntasögu Íslendinga árið 1571 er Guðbrandur Þorláksson verður biskup á Hólum og gegndi hann því embætti í 56 ár. Í hans biskupstíð voru prentaðar um 100 bækur, nærrí allt guðsorð, en ekki urðu veraldleg rit prentuð að marki fyrr en tveimur öldum síðar. Um líkt leytti og prentlistin barst til Íslands kom líka pappírinn, og þar með varð framleiðsla á handritum miklu ódýrari og auðveldari og jókst þar af leiðandi mjög. Á móti kom að pappírinn var ekki eins endingargóður og skinnið svo að skrifadaðar bækur entust skemur.

Guðbrandur biskup Þorláksson virðist ekki hafa verið snortinn af húmanismanum og hafði þar af leiðandi ekki áhuga á fornnum íslenskum ritum. Hann hafði aftur á móti áhyggjur af mörgum lastskrifum um Ísland og létt frænda sinn Arngrím Jónsson lærða svara þeim með mörgum bókum á latínu, þar sem vitnað var til íslenskra fornrita og urðu þau þar með umheiminum kunn. Fyrsta bók Arngríms kom út 1593. Merkasta bók Arngríms er *Crymogea*, gefin út í Hamborg 1609. Hún var einkum saga Íslands og þar var kafli um tungu þjóðarinnar með myndum af rúnastafrófi. Það var m. a. til þess að Ole Worm leitaði til Íslendinga um skýringar á rúnum og verður vikið að því síðar.

Frá því um siðaskiptin um 1550 og nærrí því þangað til Guðbrandur var allur 1627, eða þangað á milli 1620 til 1630, var mjög lítið skrifð upp af fornnum íslenskum veraldlegum textum, ef rímur og lögbækur eru undanskildar. Þorlákur Skúlason Hólabiskup hóf mikla fræðastarfsemi fyrir 1630 og Brynjólfur Sveinsson Skálholtsbiskup um 1640. Að fordæmi biskupsstólanna og fleiri var farið að skrifa upp fornar sögur víða um land og jókst þessi starfsemi mjög þegar upp úr 1640 og hélst svo fram á 20. öld. Starfsemin hafði mikil og varanleg áhrif á varðveislu íslenskra fornþókmennta, stöðu íslenskrar tungu og viðhorf Íslendinga til sjálfra sín. Pessi fræðastarfsemi hefur töluvert verið rannsókuð á seinstuðu áratugum en mikilla rannsókna er enn þörf.

Forn fræði í upphafi 17. aldar

Tveir miðaldatextar voru þó mjög útbreiddir og vinsælir í upphafi 17. aldar. Lögbókin, *Jónsbók*, var eðlilega sá forni texti, sem Íslendingar á 16. og 17. öld þekktu hvað best þar sem hún var gildandi lög. Hún var prentuð nokkrum sinnum í tíð Guðbrands Hólabiskups og þrátt fyrir það var hún einnig oft skrifuð upp, en þáttur laga hefur ekki verið ofmetinn við varðveislu íslenskrar tungu.

Annar miðaldatexti, *Snorra-Edda*, var vel þekktur og hafði mikil áhrif á 17. öld. Hún var skrifuð upp á pappír rétt fyrir aldamótin 1600, eða 1595, og var það handrit síðar nefnt *Trektarbók* (*Codex Trajectinus*). Forritið er nú glatað, en talið frá 13. öld. Magnús Ólafsson síðar prestur í Laufási setti veturinn 1608-

1609 saman Eddugerð þá, sem nefnd hefur verið *Laufás-Edda*, en útgefandinn, Anthony Faulkes, kallaði *Eddu Magnúsar Ólafssonar*. Einkenni þeirrar gerðar er að *Gylfaginningu* er skipt niður í dæmisögur og kenningum *Skáldskaparmála* raðað í stafrófsröð. Magnús setti Edduna saman að beiðni Arngríms Jónssonar lærða og er þetta eina ritið um íslenskar fornþókmenntir, sem Arngrímur stóð fyrir, og ætlað var Íslendingum. Heimild *Eddu Magnúsar* var handrit sem Arngrímur lærði átti og gaf síðar Ole Worm og hefur það síðan verið kallað *Wormsbók Snorra-Eddu*. Einnig segir Magnús glögglega að hann hafi notað annað handrit, sem nú er glatað. Það var talið skylt gömlum og varðveittum brotum Eddu, en hefur að líkendum verið ungt pappírshandrit.

Alþýðufræðimenn: Þótt flestir hafi um 1600 sýnt fornum fræðum lítinn áhuga, þá er svo að sjá að nokkrir menn hafi samt sinnt þeim og skrifað upp sögur og fleiri texta. Má þar einkum nefna Jón Guðmundsson, sem nefndur var hinn lærði, og jafnaldra hans Björn Jónsson á Skarðsá, en þeir voru báðir fæddir árið 1574. Hvorugur þeirra gekk nokkurn tímann í latínuskóla, sem sýnir að óskólagengnir menn hafa kunnað að lesa og skrifa, og hinir lærðustu menn leituðu til þeirra í fræðilegum tilgangi.

Um fræðastarfsemi Jóns lærða á yngri árum er vitað m. a., að hann skrifaði upp handrit *sögu Guðmundar biskups Arasonar* og jók inn í uppskrift sína “jarteinaefni” úr annarri gerð sögunnar. Einnig skrifaði hann upp rím og Helgisiðabók skrifaði Jón lærði upp 1596-97 og skreytti fögrum upphafsstöfum, en þá bók hafði Guðbrandur Þorláksson Hólabiskup látið prenta 1581. Fyrir vikið er nú texti hennar varðveittur heill, því að aðeins er varðveitt eitt óheilt eintak af prentuninni. Fleira skrifaði Jón af kristilegum ritum og óljósar heimildir eru um að Jón hafi skrifað upp *Jónsbók*, lögbókina, fjórum sinnum á sínum ungdómsárum. Þau trúarlegu rit, sem Jón lærði skrifaði upp ungar, þ. e. fyrir 1600, voru sum á þeim árum nauðsynleg við guðspjónustu, en öllum hefur tæpast þótt við hæfi að láta skrifa upp sögu dýrlings með jarteinaefni. Ekki eru heimildir til að eigna öðrum frumkvæði að þessum skrifum Jóns lærða eða að beiðni hafi komið frá einhverjum fræðamiðstöðvum.

Björn Jónsson á Skarðsá, jafnaldri Jóns lærða, var alinn á Reynistað hjá Sigurði Jónssyni sýslumannи, en var ekki settur í skóla. Björn var lögréttumaður um fjörutíu ára skeið, eða frá 1609-1650, en hann fékkst mikið við lagaskýringar sem Jón lærði gerði ekki. Ekki eru heimildir um, að Björn hafi á ungum aldri skrifað eins mikið og Jón lærði, a. m. k. eru engar heimildir um að hann skrifað upp nein kristileg rit. Talið er víst, að Björn hafi skrifað upp útdrátt af handriti *Sturlungu* um aldamótin 1600 og notað síðar við rit sitt um lagaskýringar, sem er frá 1626. Ýmis yngri lagaskýringarit eru til frá hans hendi, en þau eru órannsókuð, en hann vitnar þar í margu forna texta.

Fyrstur Íslendinga til að láta hefja uppskriftir fornra sagnatexta að einhverju marki var eftirmaður Guðbrands, Þorlákur biskup Skúlason, en honum og fræðastarfsemi hans þyrfti að gera miklu betri skil en gert hefur verið til þessa. Fræðastarfsemi Þorláks hefur goldið þess að standa í skugga frægra bóka Brynjólfss biskups Sveinssonar, sem settist að stóli í Skálholti 1639. Þorlákur var alinn upp hjá afa sínum, Guðbrandi biskupi, hann nam við Hafnarháskóla á árunum 1616-1619. Eftir heimkomuna varð hann skólameistari á Hólum og eftir andlát afa síns 1627 varð hann kjörinn biskup og gegndi því starfi til dauðadags 1656. Þorlákur varð fyrstur íslenskra stúdenta til að hafa Ole Worm fyrir einkakennara, en alls voru þeir a. m. k. 19 sem gerðu það, svo að áhrif Worms á Íslendinga hafa verið veruleg. Sumarið 1622 hófust ævilöng bréfaskipti Worms við Þorlák, en einnig skiptist Worm á bréfum við marga aðra Íslendinga þangað til hann lést 1654. Þorlákur lét aðra skrifa upp sögur og meðal annarra landseta biskupsstólsins. Nokkrar bækur voru skrifðar á skinn, þótt annars væri þá mest skrifð á pappír.

Eitt fyrsta rit sem vitað er að Jón lærði hafi skrifað að beiðni annarra í fræðilegum tilgangi voru *Grænlands annál* fyrir Hólamenn upp um 1623, en þau eru nú aðeins varðveitt í endurskoðaðri gerð Björns Jónssonar á Skarðsá. Ósannað er, þótt vel sé líklegt, að Jón hafi eitthvað fyrr gert útdrátti úr *Hauksbók*, sem hann notaði í *Grænlands annálum*. Ekki er vitað hvaða menn á Hólum stóðu fyrir þessari fræðastarfsemi, en líklegast er að það hafi verið Þorlákur Skúlason, sem var þá skólameistari. Þetta virðist meðal elstu dæma í upphafi 17. aldar um fræðastarfsemi á móðurmáli á grundvelli gamalla veraldlegra texta fyrir tilstilli biskupsstóllanna, því að fremur ber að kalla *Grænlands annál* Jóns lærða fræðastarfsemi en hreina uppskrift fornra texta.

Eins og fyrr gat birti Arngrímur lærði rúnastafróf í *Crymogeu* 1609, las Ole Worm það og spurði Þorlák Skúlason um ýmislegt viðvígjandi íslensku máli og rúnum í bréfi árið 1623. Þorlákur svaraði með því að senda Worm rúnastafróf, sem hann sagðist hafa fengið frá ónefndum manni, sem væri snjallastur rúnafræðinga. Á árunum 1630-1632 er Jón lærði nefndur í bréfum til Worms frá Magnúsi Ólafssyni í Laufási. Magnús gat ekki ráðið úr rúnum, sem Worm sendi honum, en sagðist ekki geta ráðfært sig við mesta snilling í þessari grein Jón Guðmundsson lærða. Áður hefur verið giskað á að ónefndi rúnasérfræðingurinn, sem Þorlákur Skúlason nefndi 1623, hefði verið Björn Jónsson á Skarðsá, en þegar vitað er um samband Hólamanna við Jón lærða um sama leyti og það mikla orð sem fór síðar af Jóni, er eins eðlilegt að giska á að Þorlákur hafi þar átt við Jón lærða. Annars er víst, að báðir fengust nokkuð við rúnir.

Á fjórða áratug 17. aldar var Jón lærði á miklum hrakningum, en um 1640 fer hann að frumkvæði Brynjólfss biskups Sveinssonar aftur að fást við fræði og verður vikið að þeim hér síðar.

Björn Jónsson á Skarðsá hóf miklar uppskriftir miðaldatexta eftir að Þorlákur Skúlason varð biskup og má þar m. a. nefna *Landnámu* og *Sturlungu*,

en þekktasta rit Björns er sagnaritið *Skarðsáránnáll*.

Hér er nauðsynlegt að nefna eitt rit, sem Björn á Skarðsá skrifaði áður en Brynjólfur settist að stóli í Skálholti, en það eru skýringar hans á *Höfuðlausn Egils Skallagrímssonar*. Björn virðist hafa lokið við þær árið 1634 og þær voru notaðar er Ole Worm gaf kvæðið út í riti sínu um rúnir 1636, *Literatura Runica*. Frá þeim árum er til latnesk þýðing eftir Brynjólf biskup Sveinsson á *Höfuðlausnarskýringunum* og eiginhandarrit Björns er til frá því um 1641, eða nokkru yngra en prentunin, en annars þarfnaðast þessar skýringar Björns nánari rannsókna. Þetta rit sýnir svo ekki verður um villst að Björn hefur verið talinn vel að sér um fornan kveðskap og málfræði. Um fleiri rit Björns um þetta efni verður rætt hér á eftir.

Fræðastarfsemi Brynjólfs biskups Sveinssonar

Árið 1639 varð Brynjólfur Sveinsson biskup í Skálholti. Hann hóf söfnun og uppskriftir fornra handrita og eignaðist þær skinnbækur íslenskar sem mestar gersemar hafa þótt, má þar nefna *Flateyjarbók* og *Konungsbók Eddukvæða*. Hann hafði mikinn fræðaáhuga og hugðist semja mikil rit um fornan norrænan átrúnað, þ. e. heiðni. Um hugmyndir biskups að því riti eru ekki glöggar heimildir, en þær eru raktar í bók minni *Edduritum Jóns Guðmundssonar lærða*. Um fyrirhugað rit Brynjólfs er það að segja að ekki varð neitt úr, en áformin og aðdrættirnir að ritinu urðu til þess að hann eignaðist flest gömul handrit *Snorra-Eddu* og einu varðveisitu skinnhandrit *Eddukvæða* og *Völsunga sögu*. Aðdrættirnir að fyrnefndu riti urðu til þess að sum ofangreind fornrit eru enn varðveisitt. Því miður eru bréfabækur Brynjólfs frá fyrstu árum hans glataðar, eða til 1652, svo að í þeim er ekki að finna neinar heimildir um fræðastörf og handritaútvegun á fyrstu embættisárum hans.

Ráðagerð Brynjólfs biskups Sveinssonar um að semja rit um fornan norrænan átrúnað varð ekki einungis til að hann safnaði að sér ritum, heldur einnig að ýmiss konar fræðastarfsemi var sett í gang, sem hér á eftir verður reynt að gera nokkru nánari grein fyrir en áður hefur verið gert.

Snorra-Edda var eins og fyrr gat vinsæl og áhrifarík á 17. öld. Brynjólfur Sveinsson átti elsta handrit hennar, *Uppsala-Eddu*, og gaf það sínum langvin danska fornfræðingnum Stephanusi vorið 1639. Áður hafði Jón Guðmundsson lærði skrifað þessa Eddu upp og er það handrit varðveisitt í Oxford, Bodley MS Marshall 114. Í byrjun næsta árs, eða 31. jan. 1640, keypti Brynjólfur biskup aðalhandrit *Snorra-Eddu*, sem síðar hlaut nafnið *Konungsbók*. Einnig er vitað að biskupinn átti tvö af þremur gömlum Eddubrotum, sem Finnur Jónsson táknaði sem C og A í útgáfu sinni. Um 1630 voru bæði *Wormsbók* og *Trekarbók Snorra-Eddu* komnar úr landi. Aðeins eitt gamalt handrit Eddu, B-brotið, var þá hérlandis, sem Brynjólfur náði ekki í.

Þetta var Brynjólfur ekki nóg um *Snorra-Eddu*. Hann fékk Jón Guðmundsson

lærða til að skrifa upp fyrir sig Eddu með miklum útskýringum og kallaði Jón það rit *Samantektir um skilning á Eddu* og lauk Jón því 1641. Forrit Jóns að ritinu virðist hafa verið glatað handrit náskylt Wormsbók, en annars þarf að rannsaka ungar uppskriftir *Snorra-Eddu* og athuga hvort þar geti leynst sjálfstæð handrit, sem ekki eru uppskriftir varðveisittra miðaldagerða. Uppskrift Jóns lærða á *Uppsala-Eddu* í Oxford var ekki notuð sem forrit Eddutexta *Samantekta*. Heilar eru *Samantektir* aðeins varðveittar í Stokkhólmi í einu handriti, sem skrifað var í laumi fyrir Svíu. Ástæðan fyrir lélegri varðveislu er, að í brunanum 1728 fór illa allt sem Árni Magnússon hafði safnað til bókmennetasögu, þar á meðal kvæðaskýringar frá 17. öld og uppskriftir *Sæmundar-Eddu*. Fyrir vikið eru bestu og elstu handrit *Samantekta* glötuð og sama er að segja um þau rit sem fjallað er um hér á eftir, en sumt af þvílíku tæi gæti verið gjörsamlega glatað. Ekki sýnist vafi á því, að tilgangur biskups með því að fá Jón til að setja saman *Samantektir* var að skýra goðsögur *Snorra-Eddu*. Meginefnið í viðbótum Jóns er ýmiss konar lýsing á norrænum átrúnaði og ásamt því að reyna að tengja saman heiðni og grísk-rómverskan átrúnað og kristni.

Af *Samantekum* Jóns lærða er til stytt gerð sem er komin úr smiðju Björns Jónssonar á Skarðsá, þar sem felldir eru niður flestir kaflar úr Eddu, en aftur á móti er viðbótum Jóns haldið til haga. Hér er aftur eins og með *Grænlands annál* dæmi um að Björn á Skarðsá ritstýrði efni sem Jón lærði hafði áður sett saman, en í þessu tilviki er texti Jóns lærða varðveittur í upphaflegri gerð, þótt litlu hefði munað að hann týndist. Aftur á móti eru engin kunn dæmi um að Jón lærði hafi endurskoðað rit, sem Björn á Skarðsá hafði áður sett saman. Gerð Björns af *Samantekum* sýnir, svo að ekki verður um villst, náið samband milli fræðamiðstöðvanna í Skálholti og á Hólum. Í sömu átt bendir vissulega, að árið 1641 var á Hólum í Hjaltadal skrifað Edduhandrit á skinn fyrir Þorlák biskup Skúlason. Forrit var texti *Konungsbókar* en einnig eru þar leshættir úr *Uppsala-Eddu*. Mögulegt er, en ekki víst, að uppskrift Björns á Skarðsá af *Snorra-Eddu* í AM. 742, 4to sé gerð fyrir Brynjólf biskup Sveinsson.

Petta var um *Snorra-Eddu* og af þessu má sjá, að Brynjólf biskupi Sveinssyni hefur þótt efni hennar mikilvægt, en hún er líka ein meginheimild um norræna goðafræði. Ekki eru nú kunn fleiri rit, sem Brynjólfur biskup léti skrifa til skýringa á *Snorra-Eddu*. Á þessum árum, eða um 1640, var *Sæmundar-Edda* ekki þekkt. Í skýringum eftir danska fræðimanninn Stephanus Johannis Stephanius við *Gesta Danorum* eftir Danann Saxo málspaka, sem komu út 1645, er fræg tilvitnun í bréf frá Brynjólfri Sveinssyni, sem hann á að hafa skrifað nærrí þremur árum áður, eða 1641-42. Þar segir að glötuð sé Edda Sæmundar hins fróða, en aðeins 1000. partur varðveittur í Eddu *Snorra Sturlusonar*. Elstu heimildir um Eddu kennda við Sæmund fróða eru frá Jóni lærða í fyrrnefndum *Grænlands annálum*. Öruggt er, að klausan er runnin frá Jóni lærða en ekki Birni á Skarðsá, því að hún er endurtekin síðar í *Samantekum*. Eftir hugmynd Jóns lærða í *Grænlands annálum* um *Sæmundar-*

Eddu fara síðan Magnús Ólafsson í Laufási, Arngrímur Jónsson lærði og Brynjólfur biskups Sveinsson, þegar þeir tala um aðra og eldri *Eddu* en *Snorra-Eddu*.

Völsunga saga er aðeins varðveitt í einu skinnhandriti, sem öll varðveitt handrit eru runnin frá. Arngrímur Jónsson lærði og Magnús Ólafsson í Laufási hafa næstum örugglega notað þetta handrit hennar fyrir 1640. Í sögunni eru *Sigurdrífumál*, öðru nafni *Brynhildarljóð*, en texti sama kvæðis er einnig næst á undan eyðunni í *Konungsbók Eddukvæða*, en þar er niðurlagið glatað. Í kvæðinu eru m. a. mörg rúnanöfn. Athyglisvert er þó að aldrei sendu þeir Arngrímur og Magnús *Brynhildarljóð* til Ole Worms, þótt hann spryrði þá og einkum Magnús mikið um rúnir. Talið hefur verið að Magnús hafi ekki þorað það, svo að hann yrði ekki grunaður um galdra.

Sumarið 1641 eignaðist Brynjólfur biskup skinnhandrit *Völsunga sögu* og sést þar enn sami áhuginn á fornnum norrænum átrúnaði. Biskupinn fékk Torfa Jónsson frænda sinn til að þýða söguna á latínu, en þýðingunni varð aldrei lokið. Einnig er til brot af annarri þýðingu frá sama tíma, en ekki er vitað hvernig á henni stendur, þótt eðlilegt sé að tengja hana við fræðastarfsemi Brynjólfs.

Ekki þótti Brynjólf fi þetta nóg, því að hann fékk ýmsa til að skýra *Brynhildarljóð* eftir texta *Völsunga sögu*, enda *Konungsbók Eddukvæða* óþekkt þá. Svo var lengst af talið, að Björn á Skarðsá hefði samið tvö rit til skýringar á *Brynhildarljóðum* í *Völsunga sögu*. Rit þessi eru mjög mislöng og er annað meira en sex sinnum styttra en hitt. Fyrirsögn styttra ritsins er: *Að fornu í þeirri gömlu norrænu kölluðust rúnir bæði ristingar og skrifelsi* (= stytt heiti *Ristingar*). Það rit var gefið út í bók minni *Eddurit Jóns Guðmundssonar lærða* og leidd rök að því, að höfundur hlyti að vera Jón lærði, þar sem svo mörg efnisatrið voru sameiginleg við önnur rit hans. Einnig er fjarskalega ólíklegt, að sami maður hafi sett saman tvö gjörólík rit um sama efni og láta bæði frá sér.

Ristingar voru ekki vinsælar, því að aðeins eru kunn fimm handrit. Varðveislanunni er þann veg háttáð, að textinn var gefinn út eftir handriti frá því um 1760, því að þar eru ekki sannanlegir milliliðir milli þess og handrits Jóns lærða. Aftur á móti eru sannanlegir tveir glataðir milliliðir frá frumriti Jóns og elsta varðveitta handrits *Ristinga* frá því 1692, en elstu handrit brunnu 1728.

Að efni til eru *Ristingar* skýringar á efni *Brynhildarljóða* eftir *Völsunga sögu* og athyglisvert er hve Jón er stuttorður í samanburði við Björn á Skarðsá. Mætti ímynda sér, að Jón hafi annars staðar og áður verið búinn að skrifa eitthvað um rúnir. Kvæðinu hefur Jón greinilega verið vel kunnugur og hann tilgreinir leshátt úr Eddubálki forgömlum, sem ekki á sér hliðstæðu í *Völsunga sögu* eða *Konungsbók Eddukvæða*. Fimbultýr er nefndur og er heimild að því óþekkt og sama er að segja um Vafþrúðni og *Vafþrúðnismál*. Fjórða atriðið eftir ókunnri heimild í *Eddukvæðum* eru tvær tilvísanir til *Hávamála*, þar sem þau eru lögð völu í munn en ekki Óðni. Um *Hávamál* verður rætt sérstaklega hér á

eftir.

Hvaðan eru heimildirnar? Helst væri hægt að ímynda sér, að þarna væri notað glatað handrit með Eddukvæðum, en þar mætti láta sér detta í hug AM. 748 I, 4to eða *Ormsbók*, þegar þau handrit voru fyllri en nú; handritið sem var forrit *Samantekta* og loks segist Jón hafa séð Eddu í æsku sinni, sem í var fleira en í öðrum Eddum.

Einsýnt er, að Jón lærði hafi skrifað *Ristingar* eins og *Samantektir* að beiðni Brynjólfss biskups Sveinssonar í Skálholti og hafi það verið hluti af aðdráttum biskups að fyrirhuguðu riti um fornan norrænan átrúnað.

Björn Jónsson á Skarðsá skrifaði rit, *Nokkuð lítið samtak*, til skýringar á *Brynhildarljóðum* í *Völsunga sögu* og skýringar á *Völuspá*, en þar er í upphafi 1. kafla “um það hvaðan bókin Edda hefur sitt heiti.” Vafalaust er, að bæði ritin voru samin að beiðni Brynjólfss biskups Sveinssonar til útskýringar á fornum norrænum átrúnaði. Því til stuðnings má nefna, að hér er staðfesting á orðum Grunnavíkur-Jóns, þegar hann sagði að á alþingi hefði Björn látið Brynjólf hafa rit, sem biskupinn hefði borgað vel fyrir. Hérna eru komin rit, sem Björn samdi fyrir Skálholtsbiskup.

Fyrrnefnt rit Björns Jónssonar á Skarðsá hefur í handritinu Papp. fol. nr 38 svohljóðandi titil: *Nokkuð lítið samtak um rúnir*, hvaðan þær séu, hvorir þær hafi mest tíðkað, hvar af sitt nafn hafi, um margfjölda þeirra, megn og kraft ásamt ráðningum þeirra dimmu rúnaljóða Brynhildar Buðladóttur með því fleira hér að hnígur. Bráðafangs uppteiknað til umbóta vitra manna á Skarðsá í Skagafirði annó 1642. Björn Jónsson.

Í titlinum er eins konar efnisyfirlit ritsins. Ekki er vafi á hver er höfundur og ritin hefur orðið miklu vinsælla en Ristingar, því að ég hef getað fundið um 35 handrit. Þótt Björn á Skarðsá hafi ekki samið tvö rit til skýringa á Sigurdrífumálum, er þetta rit, *Nokkuð lítið samtak*, einkum varðveitt í tveimur gerðum. Sú styttri er varðveitt í átta handritum og er einkenni þess flokks, að þar er aðeins sá hluti, sem er eiginleg útþýðing á ljóðum Brynhildar og um kraft og mátt rúnanna. Þar er greinilegt að áhersla hefur verið lögð á útþýðingu eða ráðningu Brynhildarljóða, þ. e. ljóðanna sjálfra. Aftan við er kafli sem nefnist: “Um mátt og kraft rúnanna” og er aðallega endursagnir úr *Egils sögu*, er Egill Skallagrímsson hjálpaði stúlkunni, sem veiktist vegna þess að henni voru ristnar rúnir, og einnig er frásögnin af því er Egill reisti níðstöng. Þessi styttri gerð er nokkru lengri en Ristingar.

Upphaf lengri og algengari gerðar er um komu Asíumanna hingað í Norðurlönd, þ. e. hvenær æsir komu þangað. Þar er vitnað í vitra fræðimenn, Jón Ögmundsson og Sæmund fróða Sigfússon, og sagt að Sæmundur fróði hafi stundað sagnaskrif. Vitnað er í unga annála, sem sagt er að Sæmundur hafi sett saman, en það er aðeins eitt af mörgum dæmum um að honum voru eignuð mörg rit á 17. öld. Annar og þriðji kafli eru um hvaða tungu æsir hafi talað og “hvort letur æsir haft hafi.” Niðurstaðan er að tungan hafi verið kölluð norræna

eður dönsk tunga, en letrið verið rúnir. Fjórði kafli heitir: "Hvað rúnir merki í nafninu sjálfu" og er aðallega hugleiðingar um uppruna orða. Einnig eru þar tilvitnanir í Háttatal Snorra í Eddu hans og klausa úr 1. málfræðiritgerðinni, sem sýnir að Björn hefur haft uppskrift af henni, en handrit hennar, Wormsbók, var þá farin úr landi. Næsti kafli er "Um rúnanna margfaldleg nöfn". Þar er m. a. sagt, að rúnir hafi nafn af myndan þeirra, landaheitum og loks "af verkum þeirra, eður því sem fyrir þær skyldi framkvæmast". Hér eru mörg nöfn, sem þyrfti að kanna heimildir og fyrirmyn dir að. Petta er seinasti partur á undan þeim, sem er sameiginlegur lengri og styttri gerð skýringanna.

Lengri gerðin hefur til viðbótar kafla um "hvað leyfilegt eður loflegt sé um rúnanna meðferð". Þar segir að loflegt sé að vita hvernig "rúnaletur hefur verið myndað og margfaldlega niðursett á bækur eður steina". "Og þó þeir fjölkynngismenn nokkurir hafi haft eður hafi rúnanna myndir til nokkurra óguðlegra athafna, spilla þeir sjálfum sér en ekki rúnaritinu, því svo má til vonds hafa það letur, sem vér nú daglega tifðum." Álíka skoðanir voru algengar á 17. öld. Við niðurlag er lof um fyrrnefnt rit Ole Worms *Literatura Runica* 1636.

Að lokum er rétt að nefna, að í þemur handritum er textinn á *Nokkuð lítið samtak* lengdur. Þar er aukið inn Rúnakvæðinu íslenska og framan við stendur í Nks. 1878 a, 4to: "s(eiger) S. P. B. S.". Fyrir löngu síðan í grein í *Griplu* 6 (1984) "Hvenær týndist kverið úr Konungsbók Eddukvæða?" datt mér í hug að hér gæti verið átt við Þorstein Björnsson prest á Útskálum (d. 1675). Heimildir eru til fyrir því, að Þorsteinn hafi skrifað skýringar á Brynhildarljóðum, en þær eru nú ókunnar. Annað handrit, ÍB. 68, 4to, fyllir hér út skammstöfunina séra Þorleifur Bjarnason (d. 1668). Annars sýndist víst, að lenging textans á ekkert skylt við Björn Jónsson á Skarðsá.

Hér kom fram, að styttri gamla gerðin af *Nokkuð lítið samtak* er næstum aðeins skýringar á kvæðinu sjálfu, en síðan er til lengingar settur framan og aftan við almennur fróðleikur um rúnir. Sýnist því augljóst, að styttri gerðin ætti að vera samin fyrst og vera þar af leiðandi upphaflegri, enda virðast vera viðbætur í lengri gerðinni.

Af heimildum þessa rits er merkast að þar eru sex vísur úr *Hávamálum* og bentí Bugge á það fyrir löngu. Eins og áður sagði eru tilvísanir til *Hávamála* í Ristingum Jóns lærða. Einnig vitnar Björn á Skarðsá til *Hávamála* í lögbókarskýringum sem hann samdi 1626 og til eru í eiginhandarriti. Texti Björns er skyldur útgáfu Resens frá 1665 og ekki er víst að *Hávamál* séu komin úr Konungsbók Eddukvæða. Fjarri fer að þetta sé fyllilega rannsakað og fleiri gamlar heimildir eru til um *Hávamál*.

Um heitið á Eddukvæðum segir Björn í Völuspáskýringum sínum frá 1644: "bók Sæmundar sem áður hét Ljóðabók". Ekki verður þetta öðruvísi skilið en Björn á Skarðsá hafi þekkt Ljóðabók sem heiti á Eddukvæðum. Það gæti svo aftur á móti bent til að Björn hafi þekkt handrit með þeim áður en Brynjólfur fékk Konungsbók Eddukvæða í hendur.

Eins og fyrr gat skrifaði ég grein í 6. bindi af *Griplu*, þar sem ég reyndi að tímasetja hvenær kverið týndist úr Konungsbók Eddukvæða, en þar vantar nærrí 9 heilar vísur aftan af *Sigurdrífumálum*. Sá texti er heill í pappírsuppskriftum og víst þykir að hann sé kominn úr Konungsbók meðan hún var heil. Jón Helgason athugaði niðurlagið og gerði ættarskrá 4 handrita þess, en taldi a. m. k. two milliliði frá upphaflegri uppskrift. Texti handrita með niðurlaginu er þannig samsettur, að sá sem skrifaði *Sigurdrífumál* til loka eftir Konungsbók hefur haft uppskrift á kvæðinu eftir *Völsunga sögu*. Það sést greinilega á AM. 161, 8vo, þar sem textinn stendur næst uppskriftinni eftir Konungsbók. Þar er hlaupið yfir vísu 13.4-21.3, síðan er textinn til loka eftir Konungsbók, og aftan við eru vísur 13-17 eftir *Völsunga sögu*, þótt fyllri texti sé í Konungsbók. Af þremur af fjórum fyrrnefndum handritum með niðurlagi *Sigurdrífumála* er styttri gerðin af *Nokkuð lítið samtak* eftir Björn á Skarðsá og eðlilegt að líta svo á að samband sé á milli. Einhver sem fékkst við skýringar á kvæðinu hefur aukið við eftir Konungsbók. Ekki er gott að sjá hver áhrif hafði að það handrit kom í leitirnar, en í bréfum til Worms sagði Brynjólfur að texti *Sigurdrífumála* sé betri þar en í *Völsunga sögu*.

Úr Konungsbók hefur þá orðið að týnast á bilinu 1641-43, en hér er ekki reynt að svara því hvað hafi valdið því að kverið týndist eða að spryrja um ástæðuna fyrir því að glataða kverið varð viðskila við bókina. Ekki eru kunnar eða varðveittar neinar skýringar á *Sigurdrífumálum* frá 17. öld, aðrar en þær sem að framan voru nefndar og þess vegna er ómögulegt að í slíkum skýringum sé texti Konungsbókar.

Niðurstaða

Ekki er vitað um eldri heimildir um Eddu kennda við Sæmund fróða en í *Grænlands annálum* Jóns lærða frá því um 1623 og frá honum er heitið runnið.

Fræðastarfsemi á vegum biskupsstólanna á 17. öld var mikilvæg fyrir rannsóknir og útbreiðslu fornra íslenskra bókmennata og hefur líklegast skipti sköpum fyrir varðveislu *Eddukvæða*. Brynjólfur biskup Sveinsson fékk óskólagengna menn til að skýra fyrir sig forn fræði til undirbúnings rits um fornan norrænan átrúnað og hafi hann leitað til lærðra manna um slíkt er það ekki varðveitt. Í þeim athugunum kom *Konungsbók Eddukvæða* í leitirnar og örlitlu munaði að hún varðveittist heil. Ekki verður annað ráðið af orðum Björns Jónssonar á Skarðsá en Eddukvæði hafi áður verið kölluð *Ljóðabók*.

Að lokum er hægt að spryrja. Er von til að eitthvað fleira komi í leitirnar, sem bent gæti til annarra handrita Eddukvæða en *Konungsbókar* eða verður hægt að vita eitthvað um *Konungsbók Eddukvæða* áður en Brynjólfur biskup Sveinsson fékk hana í hendur?